

5. gr.

34. grein verði svohljóðandi:

Nemandi hefur lokið stúdentsprófi þegar hann hefur gengist undir lokapróf í öllum námsgreinum sínum og fullnægt eftirfarandi lágmarkskröfum um einkunnir:

Prófseinkunn í hverri grein: 4,0.

Meðaltal námseinkunna og prófseinkunna: 5,0.

Nemandi telst þó hafa lokið stúdentsprófi, þótt tvær prófseinkunnir hans séu undir ofangreindu lágmarki, en þó ekki undir 3,0. Skólum er þó heimilt að sækja um undanþágu frá þessu ákvæði. Á því nemandi, að öðrum skilyrðum uppfylltum, rétt á að flytjast milli námsáfanga og námsára á 1.—3. námsári, þótt prófseinkunn hans í lokagrein sé undir fyrrgreindum lágmarki, meðan hann hefur ekki hlotið fleiri en tvær slíkar einkunnir.

Einkunnir í greinum, þar sem námsefni nemur minna en þremur einingum, reiknast ekki með til meðaltala þeirra, er um ræðir í þessari grein.

Skólastjórn getur veitt nemenda undanþágu frá lokaprófi í líkamsrækt, ef gildar ástæður eru til að dómi skólalæknis.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. febrúar 1987.

Sverrir Hermannsson.

Sólrún Jensdóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri vél-
skelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. febrúar til 30. apríl 1987.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. febrúar til 30. apríl 1987.

Vélskelflett rækja

Færri en 350 stk. í lb.:

SDR pr. lb. cif.

Blokkfryst	2,98
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnhúðuð, sérfryst	2,98
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,12
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,47
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,64

Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkað:

Blokkfryst	2,84
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnhúðuð	2,84
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,98
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,30
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,47

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júní 1987.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. maí 1987 og þar til annað verður ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. maí 1987 og þar til annað verður ákveðið.

Vélskelflett rækja

Færri en 350 stk. í lb.:

	SDR pr. lb. cif.
Blokkfryst	3,04
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3,04
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,18
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,54
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,71

Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkað:

Blokkfryst	2,90
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,90
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,04
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,37
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,54

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júní 1987.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.